# GRÆÐIR

*Áburðarverðskrá 2026*

| Tegund N - $P_2O_5$ - $K_2O$ | | N | P | K | Ca | Mg | S | B | Se | Maí verð (-3%) kr./tonn án vsk. Greitt fyrir 15. maí | Október verð kr./tonn án vsk. Greitt fyrir 15. okt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **EINGILDUR** | | | | | | | | | | | |
| **Magni 1** N27 + Ca + Mg | EINKORNA | 27 | | | 10 | 0.4 | | | | **84.400** | **87.011** |
| **Magni S** N27 + Ca + Mg + S | EINKORNA | 27 | | | 6,5 | 0,4 | 4 | | | **86.500** | **89.175** |
| **TVÍGILDUR** | | | | | | | | | | | |
| **Fjölmóði 3** 26-6 + Ca + Mg + Se | | 26 | 2,2 | | 7,1 | 0,7 | | | 0,0015 | **99.900** | **102.990** |
| **ÞRÍGILDUR** | | | | | | | | | | | |
| **Græðir 1** 12-12-17 + Mg + S + B | EINKORNA | 12 | 5,2 | 14,1 | | 1,2 | 8 | 0,02 | | **126.680** | **130.598** |
| **Græðir 4** 24-8-7 +Ca+Mg+S+Se | EINKORNA | 24 | 3,5 | 5,8 | 2,3 | 0,2 | 2 | | 0,008 | **101.700** | **104.845** |
| **Græðir 5** 15-15-15 + Mg + S + Se | EINKORNA | 15 | 6,6 | 12,4 | | 0,3 | 4 | | 0,0015 | **112.600** | **116.082** |
| **Græðir 6** 20-10-10 + Ca + Mg + S + Se | EINKORNA | 20 | 4,4 | 8,3 | 3,3 | 0,1 | 3 | | 0,0015 | **107.900** | **111.238** |
| **Græðir 9** 27-6-6 + Ca + Mg + S + Se | EINKORNA | 27 | 2,6 | 5 | 1,9 | 0,8 | 2 | | 0,0015 | **104.700** | **107.938** |
| **Fjölgræðir 7** 22-14-9 +Ca+Mg+S+Se | | 22 | 6,1 | 7,3 | 1,5 | 0,3 | 2 | | 0,0010 | **112.700** | **116.185** |
| **Fjölgræðir 8** 21-7-11 + Ca + Mg + S | | 21 | 3 | 9,1 | 7 | 0,3 | 3 | | | **102.200** | **105.361** |
| **KORNAÐ KALK** | | | | | | | | | | | |
| **OMYA** Kornað kalk - 600 kg | EINKORNA | | | | 37 | 1,0 | | | | **56.070** | **57.804** |

*P er 92% vatnsleysanlegur

**Verðskrá**
Verðskráin er án vsk. og gildir til 1. mars 2026.
Sýnir verð pr. tonn (án vsk.) miðað við afgreiðslu í 600 kg sekkjum.

**Greiðsluskilmálar**
Gjalddagi er 1. maí .
Eindagi er 15. maí.
Greiðsludreifing er í boði fram til 15. október.

**Flutningstilboð**
Frí heimkeyrsla ef pöntuð eru 6 tonn eða meira fyrir 20. janúar 2026.

Heimkeyrsla undir 6 tonnum miðast við verðskrá flutningsaðila.

**Verðskráin er birt með fyrirvara um prentvillur og getur breyst án fyrirvara.**

FÓÐURBLANDAN

## Magni 1
N27 + Ca + Mg

Einkorna — Ca Mg

Hentar vel á milli slátta og fyrir fyrsta slátt, þar sem búfjáráburður er notaður á eldri tún. Hentar einnig sem viðbótaráburður á grænfóður. Kalkríkur áburður sem kemur í veg fyrir lágt sýrustig jarðvegs sem hefur góð og jákvæð áhrif á frjósemi jarðvegsins.

## Magni S
N27 + Ca + Mg + S

Einkorna — Ca Mg S

Hentar vel a milli slátta, á grænfóður og á tún, sem fá nægan búfjáráburð. Frábær fyrir beitilönd og tún með vöntun á brennisteini. Byggir upp rótarkerfið og er mjög kalkríkur.

## Fjölmóði 3
26-6 + Ca + Mg + Se

Ca Mg Se

Notist með búfjáráburði á eldri tún og þar sem jarðvegur er kalíríkur og fosfórstaða er góð. Selen- og kalkbættur áburður, sem stuðlar að auknu magni selens í gróffóðri. Kalkrík blanda.

## Græðir 1
12-12-17 + Mg + S + B

Einkorna — Mg S B

Klórfrír einkorna áburður fyrir ræktun á matjurtum, kartöflum og jurtum af krossblómaætt, t.d. káli, gulrótum, gulrófum, spínati og salati. Hentar einnig í skrúðgarða og skógrækt.

## Græðir 4
24-8-7 +Ca+Mg+S+Se

Einkorna — Ca Mg S Se

Blandaður þrígildur einkorna áburður. Köfnunarefnisríkur með meðalhlutföllum fosfórs og kalís. Fyrir tún í ágætis rækt, hentar einnig með búfjáráburði og til beitar. Inniheldur brennistein, kalsíum og selen sem viðhalda góðum jarðvegsforða.

## Græðir 5
15-15-15 + Mg + S + Se

Einkorna — Mg S Se

Góður selenbættur áburður fyrir endurræktun túna og í kornrækt á frjósömu landi. Fyrir allt grænfóður í frumræktun og fyrir kál. Hentar vel á nýrækt og þar sem skortur er á fosfór (P) og kalí (K) í túnum.

## Græðir 6
20-10-10 + Ca + Mg + S + Se

Einkorna — Ca Mg S Se

Einkorna áburður sem uppfyllir þarfir meðaltúna, sem fá að auki góðan skammt af seleni (Se). Hentar vel þar sem ekki er búfjáráburður. Er líka góður fyrir grænfóðurrækt, bygg og hafra.

## Græðir 9
27-6-6 + Ca + Mg + S + Se

Einkorna — Ca Mg S Se

Þrígildur einkorna áburður. Hentar á gömul tún, þar sem fosfór (P) hefur safnast upp. Góður með búfjáráburði, ef þörf er á að bera þrígildan áburð á. Vinsæl áburðartegund. Inniheldur selen (Se) og brennistein (S).

## Fjölgræðir 7
22-14-9 +Ca+Mg+S+Se

Ca Mg S Se

Áburður á tún, þar sem lítið er vitað um áburðarþörf og fyrir tún í sæmilegri rækt, þar sem enginn búfjáráburður er notaður. Kalkríkur og selenbættur og stuðlar því að auknu magni selens i gróffóðri.

## Fjölgræðir 8
21-7-11 + Ca + Mg + S

Ca Mg S

Áburður fyrir kalísnauð mýrartún, sem eru algengust um vestan- og norðanvert landið. Af þrígildum áburðartegundum, hentar Fjölgræðir 8 síst með búfjáráburði. Kalkríkur áburður sem inniheldur jafnframt brennistein (S).

## OMYA
Kornað kalk

Einkorna — Ca Mg

Auðvelt er að dreifa kornuðu kalki með áburðardreifara. Leysist fljótt upp í jarðvegi og auðveldar plöntunni upptöku næringarefna. Kjörsýrustig er 6 - 6,5 pH. Kölkun er góður kostur til að hámarka nýtingu áburðar. Hentar að bera á að vori sem og hausti. Kornastærð 2-6 mm.

GRÆÐIR